

Minnisblað

Til: Bæjarráð
Frá: Eyþór Guðmundsson
Dags. 22. október 2025
Mnr. 2025100056



ÍSAFJARÐARBÆR

Þetta minnisblað er unnið sem vinnugagn frá umhverfis- og eignarsviði Ísafjarðarbæjar í tengslum við endurskoðun á uppbyggingarverkefnum sveitarfélagsins í áfangastaðaáætlun Vestfjarða. Vestfjarðastofa heldur utan um áætlunina og hefur óskað eftir nánari upplýsingum um þau uppbyggingarverkefni sem þar eru tilgreind. Slík gögn, svo sem verklýsingar, helstu verkhlutar, ábyrgðaraðilar, markmið og staðsetningar, liggja þó ekki fyrir í öllum tilvikum í málaskrár Ísafjarðarbæjar.

Verkefnin hafa verið unnin af ólíkum starfsmönnum og sviðum, og í sumum tilvikum hafa ábyrgðaraðilar hætt störfum eða verkefni færst milli sviða. Mál eru víða dreifð, misflokkuð og ófullnægjandi merkt, sem gerir yfirferð og samræmingu gagna tímafrekari. Ábyrgð Ísafjarðarbæjar og Vestfjarðastofu á einstökum verkefnum hefur ekki alltaf verið afmörkuð, sem hefur valdið óvissu um eftirfylgni og verkaskiptingu.

Ljóst er að mörg verkefni í áfangastaðaáætluninni hafa ekki verið nægilega skilgreind eða hnitmiðuð, og sum þeirra hafa verið inni árum saman án þess að ljúka þeim eða fjarlægja þau. Þetta er ekki í samræmi við fyrirkomulag áætlunarinnar, sem er endurskoðuð árlega og ætti að vera markviss og einblína á færri, afmörkuð verkefni með skýra ábyrgð og framvindu

Markmið þessa minnisblaðs er að gefa yfirlit yfir uppbyggingarverkefni Ísafjarðarbæjar sem tengjast áfangastaðaáætlun Vestfjarða. Áætlunin er svæðisbundin stefnumótun sem tengist Framkvæmdasjóði ferðamannastaða, þar sem verkefni innan hennar njóta forgangs við úthlutun styrkja. Einnig er leitast við að sýna stöðu þeirra verkefna sem Ísafjarðarbær hefur sjálfur sótt um styrki fyrir og leggja grunn að betra verklagi og eftirfylgni í framtíðinni.

Uppbyggingarverkefni

Í september 2025 sendi Vestfjarðastofa Ísafjarðarbæ samantekt yfir uppbyggingarverkefni sveitarfélagsins í gildandi áfangastaðaáætlun Vestfjarða árið 2024. Vestfjarðastofa óskaði eftir nánari upplýsingum um hvert verkefni í samræmi við kröfur Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða, þar sem fram þurfa að koma heiti verkefnis, umsjónaraðilar, stutt verklýsing, helstu verkþættir, markmið, staða og staðsetning (GPS-hnit). Jafnframt var óskað eftir að fram kæmi hvernig markmið hvers verkefnis félli að stefnumiðum sjóðsins og áfangastaðaáætlunarinnar, svo sem öryggissjónarmiðum, náttúruvernd, heilsársferðaþjónustu, þjónustuneti Vestfjarðaleiðarinnar, nýjum áninga- eða áfangastöðum, þéttingu gönguleiða og jákvæðum samfélagslegum áhrifum. Að lokum er óskað eftir upplýsingum um hver verkefnanna eru lokið, hver eru í vinnslu og hver Ísafjarðarbær hyggst setja í forgang til áframhaldandi vinnu eða nýrrar innsendingar í áfangastaðaáætlunina. Í eftirfarandi töflu má uppbyggingarverkefni á áfangastaðaáætlun.

Dynjandi	Tungudalur, Seljalandsdalur og Hnífar
Hornstrandir og Jökulfirðir	Hrafnseyri og Safn Jóns Sigurðssonar
Kláfur á Ísafirði	Lendingarstaður fyrir geimskip á Seljalandsdal
Lónið á Suðureyri	Neðsti kaupstaður
Skipulag og hönnun hafna í Ísafjarðarbæ	Skrúður í Dýrafirði
Sólsetrið á Þingeyri	Tankurinn á Þingeyri
Útsýnispallur á sjóvarnargarði á Flateyri	Valagil í Álftafirði
Víkingasvæðið á Þingeyri	Staðardalur við Súgandafjörð

Sjósundsaðstaða í Ísafjarðarbær (Flateyri)	Skorsteinn á Hvilftarströnd
--	-----------------------------

Við yfirferð á skjalakerfi fundust ekki fullnægjandi upplýsingar til að svara Vestfjarðastofu um eftirfarandi verkefni. Ekki verður séð að þessir áfangastaðir hafi skilgreind verkefni sem innihalda verklýsingu, verkluta, ábyrgðaraðila eða markmið, og því ekki hægt að segja til um stöðu þeirra eða hvort þeim hafi verið lokið. Líklegt er að verkefnið *Sjósundsaðstaða í Önundarfirði* hafi þróast yfir í núverandi verkefni *Útsýnispallur á sjóvarnargarði á Flateyri*, sem síðar varð að nýju uppbyggingarverkefni. Bæði verkefnin hafa þó haldist inni í áfangastaðaáætluninni.

• Dynjandi
• Hornstrandir og Jökulfirðir
• Hrafnseyri
• Skorsteinn á Hvilftarströnd
• Staðardalur við Sígandafjörð
• Sjósundsaðstaða í Ísafjarðarbæ (Önundarfirði)

Fyrir eftirfarandi verkefni fundust skjöl í málaskrá sveitarfélagsins, en upplýsingarnar voru að jafnaði misfullnægjandi. Í flestum tilvikum vantaði hluta þeirra gagna sem Framkvæmdasjóður og Vestfjarðastofa hafa óskað eftir , svo sem umsjónaraðila, markmið, verklýsingu eða stöðu verkefnisins, því er þörf á frekari yfirferð til að staðfesta stöðu og framvindu. Í þessari upptalningu er um að ræða verkefni þar sem þriðji aðili hefur staðið að eða ætlað að standa að uppbyggingu með samþykki sveitarfélagsins. Sum verkefnin eru ólokin eða óhafin, og í sumum tilvikum liggur ekki fyrir hvort það megi segja að þeim sé lokið

Nr.	Verkefni	Upphafsár	Ábyrgðaraðili	Núverandi staða
1	Kláfur á Ísafirði (Eyrarkláfur)	2019	Eyrarkláfur ehf.	í vinnslutillögu
2	Lendingarstaður fyrir geimskip á Seljalandsdal	2019	Valdisol ehf.	deiliskipulagi lokið
3	Lónið á Suðureyri	2012	Sjávarþorp Suðureyrar	óvissa
4	Sólsetrið á Þingeyri	2019	Samstarfsamningur til frá 2022	Deiliskipulagi lokið
5	Tankurinn á Þingeyri	2019	Tankur – menningarfélag	óvissa
6	Víkingasvæðið á Þingeyri	2007	Félag áhugamanna um víkingaverkefni á söguslóðum Gísla Súrssonar	óvissa

Önnur uppbyggingarverkefni sem augljóslega eru í vinnslu hjá sveitarfélaginu, en ekki með nein skilgreind markmið, verklýsingu eða ábyrgðaraðila, og eru til staðar í áfangastaðaáætluninni.

- Tungudalur, Seljalandsdalur og Hnífar
- Neðsti kaupstaður
- Skipulag og hönnun hafna í Ísafjarðarbæ

Svo eru verkefni sem Ísafjarðarbær hefur sótt um styrki í eftirfarandi áfangastaði

Nr.	Verkefni	Upphafsár	Styrkur	Ábyrgðaraðili	Núverandi staða
1	Útsýnispallur á sjóvarnargarði á Flateyri	2025	33.538.978,-	Ísafjarðabær	-skipulagi lokið -hönnun lokið -Á framkvæmdastigi, -verklok áætluð 2026
2	Skrúður í Dýrafirði -	2011	Styrki skilað 2022	Ísafjarðabær	Deiluskipulagi lokið Hönnun lokið
3	Naustahvílt	2016	4.344.000.-	Ísafjarðabær	Lokið - okt 2025
4	Valagil í Álftafirði	2024	22.876.667	Ísafjarðabær	Hönnun lokið Framkvæmd í óvissu

Staða verkefna

Valagil

Ísafjarðarbær hlaut styrk frá Framkvæmdasjóði ferðamannastaða vorið 2024 að fjárhæð 22.876.667 kr. vegna fyrsta áfanga tvískipts verkefnis um uppbyggingu göngustígs og áningarstaðar við Valagil í Álftafirði. Fyrsti

áfanginn felur í sér byggingu útsýnispalls og tengdra mannvirkja við áningarstað, en seinni áfanginn, sem felur í sér lagningu göngustígs að pallinum, verður sótt um sérstaklega síðar.

Við undirbúning útboðs kom í ljós að hluti fyrirhugaðrar framkvæmdar er utan jarðar Ísafjarðarbæjar, þ.e. í landi í einkaeigu. Nú þarf að leggja mat á hvort færa eigi útsýnispallinn þannig að hann verði alfarið innan jarðarinnar Seljalands, sem er í eigu sveitarfélagsins, eða breyta hönnun við fossinn á annan hátt. Báðar leiðir hefðu áhrif á útsýni og upplifun gesta, og því þarf að meta hvort verkefnið í breyttri mynd nái markmiðum sínum og réttlæti áframhald eða hvort skila eigi styrknum.

Hópfæribílar hafa í auknu mæli farið með skemmtiferðaskipafarþega að Valagili. Rekstraraðilar þessara ferða, ásamt Göngufélagi Súðavíkur, hafa bent starfsmönnum umhverfis- og eignasviðs á skort á salernum og annarri aðstöðu við gilið. Þessi atriði er rétt að skoða sérstaklega við áframhaldandi uppbyggingu á áfangastaðnum.

Reynt var í sumar að fá Framkvæmdasjóð ferðamannastaða til að samþykkja að snúa verkáföngum við þ.e. hefja framkvæmdir við göngustíg áður en útsýnispallurinn yrði reistur. Sjóðurinn treysti sér ekki til að mæla með breytingunni til ráðuneytisins, þar sem hún hefði í för með sér aukið aðgengi ferðamanna að svæði sem talið er ótryggt út frá öryggissjónarmiðum.

Af þessum sökum hafa framkvæmdir nú frestast um tvö ár. Framkvæmdasjóður hefur staðfest að heimilt sé að halda styrknum þrátt fyrir frestun, að því gefnu að Ísafjarðarbær uppfæri tíma- og verkáætlun og upplýsi um hugsanlegar breytingar á verkhlutum. Ekki verður þó hægt að fá greiddan frekari hönnunarkostnað.

Staða: Í biðstöðu – framkvæmdir frestaðar til 2026.

Naustahvílft

Verkefnið hófst árið 2016 með styrk frá Framkvæmdasjóði ferðamannastaða til að vinna að deiliskipulagi, hönnun og framkvæmd göngustígs upp í Naustahvílft. Upphaflega var um hefðbundinn göngustíg að ræða, en verkefnið lagðist í dvala um nokkurra ára skeið vegna ýmissa ástæðna.

Árið 2023 var verkefnið endurvakið og tekin ákvörðun um að breyta útfærslu þess þannig að gert yrði ráð fyrir náttúrustíg í stað hefðbundins göngustígs.

Vinna hófst á ný árið 2024 og stóð yfir í tvö sumur. Verkefninu er nú lokið og verið er að taka saman lokaskýrslu til Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða, sem snýr að styrknum og þessum tiltekna uppbyggingarfasa. Nánari upplýsingar um framkvæmdina, verkhluta má finna í meðfylgjandi drögum að lokaskýrslu (október 2025).

Staða: Lokið – lokaskýrsla í vinnslu (október 2025).

Útsýnispallur á Flateyri

Ísafjarðarbær hlaut styrk úr Framkvæmdasjóði ferðamannastaða að fjárhæð 33.536.976 kr. til uppbyggingar útsýnispalls við Brimnesveg á Flateyri. Sótt hafði verið tvisvar sinnum um styrk vegna verkefnisins áður, og fékkst hann loks árið 2025. Við styrkveitingu hafði ekki enn verið unnið úr athugasemdum sem bárust við grenndarkynningu. Í framhaldinu var skipulagsvinnan kláruð og útsýnispallurinn fundin ný staðsetning og speglaður til að taka tillit til umsagna og athugasemda sem bárust í ferlinu.

Samkvæmt samningi við Framkvæmdasjóð eru verklok áætluð árið 2026. Næsta skref er að hefja vinnu við gerð útboðsgagna, og taka þarf afstöðu til þess hvort bjóða eigi út verkframkvæmdina í heild eða kaupa inn smíðina sérstaklega og annast uppsetningu með útboði, eftir því hvaða fyrirkomulag telst hagstæðast

Staða: Á áætlun – í innkaupaferli

Á síðustu árum hefur umhverfis- og eignarsvið náð góðum árangri í styrkumsóknum til ýmissa sjóða, þar á meðal Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða, Fiskeldissjóðs og annarra innlendra og erlendra sjóða. Heildarútistandandi styrkfjárhæðir sveitarfélagsins vegna óunninna verkefna eru þó orðnar verulegar, eða allt að 156 milljónum króna. Þar af eru 56.415.645 kr. úr Framkvæmdasjóði ferðamannastaða, 31.820.000 kr. úr Fiskeldissjóði og um 100 milljónir króna tengdar ICEWATER-verkefninu.

Ljóst er að sviðið mun sækja um í fleiri sjóði á árinu og bíður jafnframt niðurstöðu úr nokkrum umsóknum sem þegar hafa verið lagðar fram. Því er mikilvægt að tryggja jafnvægi milli nýrra umsókna og framvindu eldri verkefna, þannig að fjármögnun nýtist á skilvirkan hátt og skuldbindingum sé sinnt. Til að tryggja að þessir

fjármunir nýtist í samræmi við samninga og renni ekki til baka er brýnt að forgangsraða í þágu þeirra verkefna sem þegar hafa hlotið styrk.

Með því næst tvíþætt markmið: annars vegar að ljúka samþykktum verkefnum innan gildandi tímamarka og hins vegar að virkja þá styrki sem sveitarfélagið hefur þegar tryggt sér. Framkvæmdasjóður ferðamannastaða tekur jafnframt mið af því við úthlutun hvort umsækjandi sé með mörg ólokin verkefni eða hafi nýtt áður veittan styrk. Fjöldi óafgreiddra verkefna getur haft áhrif á mat sjóðsins og dregið úr líkum á nýjum úthlutunum.

Í ljósi þess að tvö verkefni Ísafjarðarbæjar eru enn ókláruð hjá Framkvæmdasjóði ferðamannastaða er mikilvægt að leggja áherslu á að ljúka þeim áður en sótt er um ný verkefni. Með því styrkir sveitarfélagið stöðu sína gagnvart sjóðnum.

Það er því markviss nálgun að biðja með umsókn til Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða þetta árið og nýta tímann í staðinn til að undirbúa og móta sterkari, betur skilgreind verkefni fyrir næsta umsóknartímabil. Með slíku verklagi má tryggja að næstu umsóknir byggji á fullbúnum hönnunar- og skipulagsforsendum og þar með auka líkurnar á styrkveitingu og skilvirkri framkvæmd.

Lagt er til að bæjarráð samþykki að Ísafjarðarbær sækji ekki um styrki til Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða árið 2025. Tíminn fram að næsta styrkjatímabili verði nýttur til að undirbúa verkefni og betri umsóknir með skýrri framtíðarsýn. Sú vinna fari fram í samræmi við uppfærða áfangastaðaaætlun Vestfjarða og markmið sjóðsins.